

Umboðsmaður Alþingis
Álftamýri 7
150 Reykjavík

Kópavogi 30.janúar 2009.

Hér með fylgja athugasemdir við bréfi, sem er á bréfsefni frá iðnaðarráðuneytinu og undirritað af tveimur starfsmönnum ráðuneytisins, sem svar við kvörtun minni á útgefnu bráðabirgðarleyfi Björgunar ehf. til að dæla jarðefnum úr Laufagrunni í Hvalfirði. Þeir tveir sem skrifa undir bréfið frá iðnaðarráðuneytinu eru sömu menn og skrifa undir bráðbirgðaleyfið til Björgunar ehf. fyrir hönd iðnaðarráðherra, þar er hvergi að finna undirskrift ráðherrans sjálfs.

Þar sem núverandi iðnaðarráðherra er þekktur fyrir allt annað en að vera latur við skriftir þætti mér gott að vita hvort það sé hans venja, sem iðnaðarráðherra, að láta aðra skrifa undir bréfin sín? Eða með öðrum orðum er iðnaðarráðherra kunnugt um þetta mál?

Þetta verður að vera ljóst vegna þess að í svörunum eru þessir tveir menn að lýsa viðhorfi ráðuneytisins og nota ákveðin rök gegn ríkisstofnunum sem eru að gera athugasemdir við veitingu bráðbirgðaleyfis. Þessir tveir menn eru að segja að allt það sem Orkustofnun og Skipulagsstofnun gera athugasemdir við varðandi veitingu bráðabirgðaleyfis sé allt vitleysa og benda á aðrar lagagreinar máli sínu til stuðnings.

Vil benda á að við fyrirspurn á alþingi, Þingskjal 830- 304. mál, um efnistöku úr botni Hvalfjarðar. Þar notar iðnaðarráðherra Orkustofnun sem sinn upplýsingagjafa.

Ég lít svo á að svar iðnaðarráðuneytisins sé dautt og ómerkt, þangað til að iðnaðarráðherra skrifar sjálfur undir..

Vil enn og aftur mótmæla veitingu bráðbirgðaleyfis Björgunar ehf. til dælingar jarðefnum úr Laufagrunni í Hvalfirði með ófyrirséðum áhrifum á strandlengju að jörð Hjarðarnes í Hvalfirði og allri strandlengju Hvalfjarðar.

Virðigarfyllst,
Sigursteinn Jósefsson